

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 12. apríl 2012 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-118/2011:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. desember sl. bað X hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á ísskáp af gerðinni LG hjá Y. Álitsbeiðandi telur hurð ísskápsins gallaða og krefst þess að seljandi bæti úr því.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 6. desember sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau 29. desember. Með bréfi, dags. 9. janúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin, en engar frekari athugasemdir bárust.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að þann 28. desember 2006 hafi álitsbeiðandi keypt tvöfaldan ísskáp af gerðinni LG af seljanda fyrir kr. 116.995. Álitsbeiðandi kveðst, í janúar 2011, hafa sent seljanda tölvupóst og óskað eftir því að fundin yrði lausn á ryðmyndun sem væri á hurð ísskápsins í kringum klakavél sem lýsti sér með því að yfirborð ísskápshurðarinnar bólgnaði upp, ekki ólíkt ryðmyndun í bílum. Seljandi hafi þá sent viðgerðarmann heim til álitsbeiðanda til að líta á ísskápinn og í kjölfarið hafnað því að um galla væri að ræða á þeim forsendum að ryðmyndunin stafaði af því að vatn hefði lekið úr safnskúffu klakavélar framan á ísskápnum og stafi það af aðstæðum sem varða kaupanda og því sé ekki um að ræða galla sem seljandi taki ábyrgð á. Álitsbeiðandi telur þessa skýringu seljanda ekki standast þar sem ryðmyndun sé ekki takmörkuð við svæðið undir klakavél, heldur sé ryð allt í kringum klakavélina. Sú ryðmyndun verði ekki skýrð með vísan til þess að ekki hafi verið hirt nægjanlega um að tæma safnskúffu klakavélarinnar.

Máli sínu til stuðnings vísar álitsbeiðandi í tvennar erlendar vefsíður um neytendamál þar sem nokkrir eigendur samskonar ísskáps lýstu samskonar ryðmyndun og í tilviki álitsbeiðanda. Þá fylgir einnig ljósmynd af þeim hluta ísskápsins sem um er rætt.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda eru þau sjónarmið ítrekuð sem áður höfðu komið fram í samskiptum aðila og rakin eru stuttlega í málavaxtarlýsingu álitsbeiðanda, að ryðmyndunin stafi af því að vatn hafi lekið úr safnskúffu klakavélar framan á ísskápnum og slíkt stafi af slæmri umhirðu við vatnsvél á frysti ísskápsins. Þá segir í andsvörum:

„Ljóst er að lítið ryð er að myndast í kringum klakavél eftir rúmlega 4ra ára notkun á tækinu. Ljóst er að vra er meira en sex mánaða gömul og því ekki hægt að segja að galli hafi verið til staðar við kaup. Því hefur áhættan af söluhlut flust yfir til neytanda skv. 18. gr. neytendalaga 2003 nr.48. Y telur að ófullnægjandi skýringar séu á myndun ryðs í kringum klakavél. Y telur að viðskiptavinur þurfi að leiða líkum að því að um galla sé að ræða en ekki slit eða skemmdir vegna rangrar notkunnar. Kröfum álitsbeiðanda af hálfu Y er því hafnað.“

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærnefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærnefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Álitsbeiðandi keypti ísskápinn 28. desember 2006 og kvartaði undan galla á skápnum með tölvubrési þann 24. janúar 2011. Skápurinn var því rétt rúmlega 4 ára þegar álitsbeiðandi kvartaði undan galla.

Í 27. gr. neytendakaupalaganna, nr. 48/2003, segir m.a. eftirfarandi:

„Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda um að hann muni bera gallann fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.

Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla í fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka ...“

Í skýringum við 27. gr. frumvarpsins sem varð að lögum nr. 48/2003 segir m.a.:

„Mat á því hversu langur endingartími söluhlut er ætlaður er unnt að byggja á því mati sem fram fer skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. frumvarpsins. Því þarf m.a. að líta til þess hvers neytandi mátti vænta við kaup á slíkum hlut. Framleiðendur söluhluta hafa ólík markmið við framleiðslu hluta hvað varðar endingartíma þeirra. Endurspeglast þetta m.a. í verði og markaðssetningu hlutanna. Ef vafi er um það hversu langan endingartíma hlut er ætlað að hafa er rétt að vafinn falli fimm ára reglunni í hag. Með endingartíma söluhlutar er átt við það hvað hlutnum er ætlað að virka lengi á viðunandi hátt. Til dæmis fellur það að hlutur verði úreltur vegna tækniframfara ekki undir ákvæðið. Áætlaður endingartími söluhlutar er byggður á venjulegri notkun.“

Eitt af skilyrðum þess að neytandi geti borið fyrir sig galla á söluhlut við seljanda er að hann kvarti innan þeirra fresta sem ákveðnir eru í 27. gr. neytendakaupalaganna sem lýst er hér að framan. Neytanda ber að kvarta án ástæðulauss dráttar og innan tveggja ára frá afhendingu söluhlutar. Sé hins vegar söluhlut eða hlutum hans ætlaður lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er fresturinn fimm ár. Rétt er að taka fram að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. neytendakaupalaga er óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiða myndi af lögnum. Eðlilegur endingartími ísskápa getur verið mismunandi eftir tegundum. Þótt ekki sé hægt að slá því föstu í eitt skipti fyrir öll hver sé eðlilegur endingartími ísskápa er það álit kærnefndarinnar að kaupandi megi búast við því að ísskápur þeirrar gerðar sem hér um ræðir, eða mikilvægir hlutar hans, hafi lengri endingu en því sem nemur rétt rúmum fjórum árum. Því er það álit kærnefndarinnar að kvörtunarfrestur í því tilviki sem hér um ræðir séu 5 ár. Kvörtun álitsbeiðanda kom fram innan þess tíma.

Í 15. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup er kveðið á um það hvaða eiginleika söluhlutur eigi að hafa og segir þar í b-lið 2. mgr. að hann eigi að „hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað.“ Sé svo ekki telst söluhlutur vera gallaður, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 16. gr. sömu laga. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ eins og segir í 1. mgr. 26. gr. laganna.

Kærnefndin telur eftir að hafa skoðað gögn málsins að ryðmyndun í hurð á rétt rúmlega fjögurra ára ísskáp verði að teljast til galla í skilningi framangreindra lagaákvæða og fellst kærnefndin ekki á það með seljanda að álitsbeiðandi eigi að einhverju leyti sök á ryðmynduninni. Álitsbeiðandi hefur farið fram á að seljandi geri úrbætur á ísskápnum og er það í samræmi við þær kröfur sem honum er heimilt að gera skv. b-lið 1. mgr. 26. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Er það því álit kærnefndarinnar að seljanda sé skylt að bæta úr

þeim galla sem er á ísskápnum í samræmi við ákvæði 1. mgr. 30. gr. laganna, þ.e. án kostnaðar og verulegs óhagræðis fyrir neytanda, innan hæfilegs tíma og þannig að neytandinn fái bætt útgjöld sín úr hendi seljanda.

VI

Álitsorð

Seljanda, Y, er skylt að bæta úr þeim galla sem er á ísskáp sem álitsbeiðandi, X keypti hjá fyrirtækinu 28. desember 2008.

Áslaug Árnadóttir

Lárus M.K. Ólafsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir